

Stjórnarfundur Sundráðs ÍRB

Fundur nr. 4

12. apríl 2010 hjá DMM-lausnum kl. 21:00

Mættir: Guðmundur, Friðrik, Hjördís, Sigurbjörg, Sigurþór, Elsie, Lúðvík, Helga, Herdís, Ásta, Júlíus, Svala, Edda, Falur og Haraldur.

Boðuðu forföll: Harpa, Sara og Theódór.

1. mál Sundhettur og búningamál

Guðmundur og Steindór ákveða lokaútlit. Edda og Linda búnar að funda með Henson. Búið að ákveða að bjóða upp á stuttbuxur og hvíta boli fyrir Sparisjóðsmótið/AMÍ og Benidormferðina. Verið að funda vegna framtíðarsýnar í búningamálum. Væri gaman að skoða að bæta við háskólaból eða breyta algjörlega um búninga. Ákveðið að skoða bæði varðandi kostnað.

2. mál Styrkjámál

Sundmaður er hugsanlega að fara til Luxemborgar og þrír sundmenn eru sennilega að koma frá Bandaríkjunum til að keppa á Bikar. Þjálfari er í sambandi við sundmenn vegna þessa máls. Ákveðið að reyna að leita leiða til að fá fleiri styrki frá Reykjanesbæ og Aðalstjórn UMFN. Stjórn SK og SN koma einnig að því að styrkja þessa sundmenn.

3. mál Sundnámskeið

Sundráð auglýsir sundnámskeið í blaði Reykjanesbæjar um það sem er í boði í sumar fyrir börn. Boðið verður upp á námskeið í Heiðarskóla, Akurskóla og Njarðvíkurskóla. Haft verður samband við þjálfara til að sjá um þessi námskeið.

4. mál Þjálfaramál fyrir sundár

Ákveðið hefur verið að fá yfirþjálfara í 100% starf. Steindóri var boðin staðan en eftir að hafa legið undir feldi hefur hann ákveðið að stíga til hliðar sem yfirþjálfari, en gefa kost á sér sem þjálfari yngri sundmanna á næsta tímabili. Formaður og varaformaður sundráðs hafa einnig fundað með öllum þjálfurum þar sem unnin var hugmyndavinna fyrir næsta ár. Á næstunni verða einstaklingsfundir með öllum þjálfurum. Fyrir næsta fund eru deildirnar beðnar um að koma með nákvæmt félagatal/hópatal deildanna. Stofnuð verður nefnd til að ganga frá þjálfaramálum næsta árs og sjá um að ráða þjálfara Sundráðs ÍRB og ganga frá samningum. Í nefndinni eru formaður, varaformaður sundráðs, Steindór og Eðvarð og nefndin getur kallað til sín aukafólk ef þurfa þykir.

5. mál Sparisjóðsmótið

Búið að taka tilboði IGS í matinn. Lúðvík sér um verðlaun. Foreldrafundur 26. apríl. Betur rætt um mótið á næsta fundi 20. apríl 2010.

6. Önnur mál

a) Hjördís talar við foreldraráð beðið um að athuga með veitingasölu í Vatnaveröld 24. apríl á barnahátíð Reykjanesbæjar.

Fundargerð ritaði Sigurbjörg Róbertsdóttir